

Föstudagur, 10. október 2008

Ákvörðun nr. 54/2008

Samruni Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbær-Colas hf. og Tak-malbik ehf.

I.

Með bréfi frá Logos lögmannaþjónustu, dags. 9. september 2008, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbær-Colas hf. (hér eftir MHC) á eignarhaldsfélaginu Tak-malbik (hér eftir TM). Bréfinu fylgdi samrunaskrá, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 684/2008 um tilkynningu samruna.¹ Þá fylgdi samrunaskránni kaupsamningur, dags. 6. júní 2008, ársreikningar samrunaaðila fyrir árin 2006 og 2007 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu félaganna og önnur gögn.

Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að umrædd kaup feli í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og að samruninn falli undir samrunaeftirlit 17. gr. a. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

II.

Í samrunaskrá kemur fram að um lóðréttan samruna sé að ræða þar sem félögin starfi ekki á sama framleiðslustigi. MHC sé íslenskt hlutafélag sem framleiði og selji malbik auk þess að starfa við margs konar malbikunarþjónustu. Meginstarfsemi TM felist aftur á móti í steinefnavinnslu og sölu á steinefnum sem m.a. eru notuð til framleiðslu á malbiki. Í samrunaskrá kemur m.a. fram að félögin verði áfram rekin sem tvö aðskilin félög. Jafnframt að samruninn sé háður því skilyrði að umhverfismat steinefnámu TM við Hólabrú í Hvalfirði verði jákvætt ella muni ekki verða af samrunanum. Þá segir í samrunaskrá að markmið MHC með kaupunum sé að tryggja fyrirtækinu öruggt aðgengi að hráefni til malbiksframleiðslu til framtíðar.

III.

Að mati samrunaaðila er viðkomandi þjónustumarkaður markaður fyrir malbiksframleiðslu, markaður fyrir malbikunarþjónustu og markaður fyrir steinefnavinnslu. Þá telja samrunaaðilar að hinn landfræðilegi markaður nái til landsins alls og jafnvel út fyrir það þó að undanskildum markaði fyrir malbikunarþjónustu, þar sem landfræðileg staðsetning fyrirtækjanna kann að skipta máli sökum eðlis þess markaðar.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem fram þurfa að koma í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

IV.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda. Eins og áður hefur komið fram flokkast samruni MHC og TM undir lóðréttan samruna í skilningi samkeppnisréttar þar sem starfsemi aðila er ekki á sama framleiðslustigi. Að mati Samkeppniseftirlitsins mun samlegðaráhrifa samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari fyrst og fremst gæta í starfsemi MHC á markaði fyrir malbiksframleiðslu. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa aftur á móti ekki til kynna að samruninn muni, sem slíkur, hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna MHC og TM.

V.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi, dags. 6. júní 2008, var ákveðið að sameina félögin Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. og Tak-malbik ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. c. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

